

## Þjónustustefna Dalvíkurbyggðar

Þjónustustefna sveitarfélagsins er sett á grunni 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í júní 2021 var lögfest ákvæði í fyrrnefndum sveitarstjórnarlögum að frumkvæði Byggðastofnunar sem kveður á um að sveitarstjórn skuli móta stefnu sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum. Stefnan er sett fram fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir.

Greinin er svo hljóðandi:

*[130. gr. a. Stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags. Samhliða fjárhagsáætlun, sbr. 62. gr., skal sveitarstjórn móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum viðkomandi sveitarfélags. Við gerð og mótun stefnunnar skal sveitarstjórn hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins. Málsmeðferð við afgreiðslu stefnunnar skal að öðru leyti vera skv. 3. mgr. 62. gr.]*

Í greinargerð frumvarpsins segir eftirfarandi um greinina:

Hér er lagt til það nýmæli að sveitarstjórn beri að setja sér stefnu um það hvaða þjónustustigi sveitarfélagið ætlar að halda uppi í byggðum og byggðarlögum utan stærstu byggðakjarna viðkomandi sveitarfélags og upplýsa íbúa um stefnuna. Ljóst er að með fækkun sveitarfélaga munu jafnframt myndast víðáttumikil sveitarfélög, mögulega með fáum og stórum byggðakjörnum en viðkvæmari byggð á öðrum svæðum innan sveitarfélaganna. Því er mikilvægara en áður að stefna sveitarstjórnar varðandi þjónustustig á slíkum svæðum verði skýr og komi til sérstakrar umræðu og er því lögð til sú skylda á sveitarstjórn að mynda og móta slíka stefnu eftir sérstakt samráð við íbúa sveitarfélagsins, t.d. með opnu umsagnarferli. Ekki er getið sérstaklega um þá þjónustu sem beri að greina frá í stefnunni en gert er ráð fyrir að það verði á ábyrgð sveitarstjórnar að móta heildarstefnu fyrir hverja byggð eða byggðarlag fyrir sig og gera grein fyrir ætluðu þjónustustigi vegna einstakra verkefna sem sveitarfélagið hyggst veita á viðkomandi svæðum, t.d. skólahalds, ferða skólabíla, opnunartíma sundlauga, reksturs félagsheimila o.s.frv. Þá er almennt gert ráð fyrir að sveitarfélag myndi ávallt stefnu um öll þau byggðasvæði sem eru utan stærstu byggðakjarna. Það er hins vegar lagt í hendur sveitarfélaga að ákvarða hvort og hvernig svæði verði skipt frekar upp með tilliti til þjónustustigs, svo sem með því að flokka svæði eftir ákveðinni fjarlægð frá byggðakjarna eða mið við eldri skipan sveitarfélaga eða hreppa. Í 2. mgr. er lagt til að sama fyrirkomulag verði við afgreiðslu á þjónustustefnu sveitarfélagsins skv. 1. mgr. og er við afgreiðslu fjárhagsáætlunar skv. 62. gr. laganna enda ljóst að slíkar áætlanir haldast í hendur. Við gerð þjónustustefnu sveitarfélaga þarf að hafa í huga **lögskyld** og **lögheimil verkefni** samkvæmt yfirliti Stjórnarráðsins sem gefið er út með vísan til 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Verkefni eru lögskyld ef sveitarfélögum er skylt að rækja þau. Lögheimil felast í því að sveitarfélag hefur svigrúm til þess að ákveða hvort verkefninu er sinnt, en ef sú ákvörðun er tekin gildir um verkefnið tiltekinn lagarammi. Einnig þarf að hafa í



huga verkefni sem sveitarfélög velja að setja á dagskrá til að gera sveitarfélagið eftirsóknarverðan kost sem eru þá **valkvæð verkefni**.

## Almennt um þjónustu sveitarfélagsins

Dalvíkurbyggð leggur áherslu á að íbúar upplifi sveitarfélagið sem traustan og ábyrgðarfullan þjónustuaðila við mannlíf og atvinnulíf á svæðinu. Lögð er áhersla á að þjónusta sveitarfélagsins eftir því sem lög og reglur heimila verði löguð að þörfum íbúa og fyrirtækja á grundvelli jafnræðissjónarmiða. Það er sameiginlegt markmið starfsmanna og stjórnenda sveitarfélagsins að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu. Slíkt samstarf byggist á trausti og virðingu þar sem hver og einn ber ábyrgð á eigin viðhorfum og hugarfari. Dalvíkurbyggð er þjónustuaðili sem veitir íbúum, fyrirtækjum og gestum þjónustu með einum eða öðrum hætti. Allt starfsfólk Dalvíkurbyggð á að vera samstíga í að veita góða þjónustu og notendur þjónustunnar ættu að vita hvers þau geta vænst þegar þau sækja þjónustuna. Þessu til marks hefur Dalvíkurbyggð haft nú um árabil í gildi Þjónustustefnu með yfirskriftinni „Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavinum“ [Þjónustustefna \(dalvikurbyggd.is\)](http://þjónustustefna.dalvikurbyggd.is)

Lögð er áhersla á að þjónustan sé aðgengileg og taki mið af notenda hverju sinni. Þjónustan er sérhæfð fagkunnátta sem fléttist inn í alla starfsemi sveitarfélagsins. Alla þjónustu skal veita sem næst notandanum, þar sem viðkomandi er hverju sinni. Lögð er áhersla á stafræna þjónustu og samskipti þannig að aðgengi sé að stjórnsýslunni, þjónustu og upplýsingum 365/24/7. Leitast verður við að veita þjónustuna á staðnum eftir því sem því verður við komið eða í síma, tölvupóstsamskiptum eða í gegnum fjarfundi. Starfsmenn skulu sinna starfi sínu af samviskusemi og sýna kurteisi, lipurð og réttsýni og starfa fyrst og fremst í þágu íbúa sveitarfélagsins sem leggur þeim þá skyldu á herðar að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum.

## Íbúasamráð

Við gerð þjónustustefnunnar var viðhaft íbúasamráð í samræmi við 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Á 383. fundi sveitarstjórnar þann 30. október 2025 var samþykkt samhljóða að leita umsagna íbúa sveitarfélagsins við þjónustustefnuna á milli umræðna í sveitarstjórn með því að auglýsa hana á vefmiðlum sveitarfélagsins og íbúum þannig gefinn kostur á að koma með ábendingar. Hafa þarf í huga að þjónustustefna á að geta gefið mynd af mögulegum aðstæðum innan fárra ára. Það þarf ekki að þýða að sveitarfélag ætli að skuldbinda sig til að halda úti ákveðinni þjónustu en að sveitarfélagið sé opið fyrir því að breyta þjónustu með einum eða öðrum hætti ef forsendur breytast.

## Skipulag stefnunnar

Stefnunni er skipt eftir fagsviðum og þar undir hvernig þjónustu sviðanna er háttað í byggðum og byggðarlögum sveitarfélagsins.

Stefnan er sett fram þannig að undir hverju sviði fyrir sig er verkefni flokkuð undir yfirkafla og undir hverjum kafla fyrir sig eru verkefni merkt eftir hvort þau eru lögskyld verkefni sveitarfélagsins, lögmælt eða valkvæð og hvernig þeim er háttað á hverjum stað fyrir sig. Hafa þarf í huga að í mörgum tilfellum er þjónustunni eins háttað fyrir allt sveitarfélagið í heild.

Hér má sjá yfirlit yfir lögskyld og lögmælt verkefni sveitarfélaga;

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/sveitarstjornarmal/verkefni-sveitarfelaga/>

## Fjármála- og stjórnsýslusvið

### I. Lögskyld verkefni:

#### a) Kosningar

#### Framlög til stjórnámtaka

Á ábyrgð fjármála- og stjórnsýslusviðs sveitarfélagsins og sviðsstjóri framkvæmir. Greitt samkvæmt 5. gr. laga um starfsemi stjórnámtaka nr. 162/2006 og viðmiðunarreglum um framlög sveitarfélaga til stjórnámtaka. Sviðsstjóri sér um útreikninga í samræmi við fjárhagsáætlun ár hvert og ofangreind lög.

#### Íbúakosningar

Samkvæmt sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 ákveður sveitarstjórnar hvort fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélagsins um einstök málefni þess. Ef minnst 20% af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska slíkrar atkvæðagreiðslu skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða hærra hlutfall í samþykkt um stjórn sveitarfélags en þó aldrei hærra en þriðjung þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélag

Á heimasíðu Dalvíkurbyggðar er að finna leiðbeiningar um söfnun undirskrifta

<https://www.dalvikurbyggd.is/is/stjornsysla/fjarmal-og-rafraen-stjornsysla/leidbeiningar-um-sofnun-undirskrifta>

## Alþingis- og forsetakosningar

Framkvæmd kosninga í Dalvíkurbyggð fer fram samkvæmt kosningalögum nr. 112/2021. Í sveitarfélaginu er tilnefnd kjörstjórn á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar og í framhaldi af því tilnefnt í undirkjörstjórnir sem eru fimm í öllu sveitarfélaginu. Vikurnar fyrir kosningar býður sveitarfélagið í samstarfi við sýslumanninn á Norðurlandi eystra upp á utankjörfundaratkvæðagreiðslu á Dalvík. Ein kjördeild og einn kjörstaður er í Dalvíkurbyggð, á Dalvík.

## Sveitarstjórnarkosningar

Framkvæmd kosninga í Dalvíkurbyggð fer fram samkvæmt kosningalögum nr. 112/2021. Í sveitarfélaginu er tilnefnd kjörstjórn á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar og í framhaldi af því tilnefnt í undirkjörstjórnir sem eru fimm í öllu sveitarfélaginu. Vikurnar fyrir kosningar býður sveitarfélagið í samstarfi við sýslumanninn á Norðurlandi eystra upp á utankjörfundaratkvæðagreiðslu á Dalvík. Ein kjördeild og einn kjörstaður er í Dalvíkurbyggð, á Dalvík.

### b) Ýmsar aðrar skyldur

#### Umsögn um rekstrarleyfi

Byggðarráð / sveitarstjórn gefur umsagnir fyrir rekstrarleyfi í Dalvíkurbyggð að beiðni Sýslumanns á Norðurlandi eystra.

#### Útgáfa áfengissöluleyfa

Byggðarráð / sveitarstjórn gefur umsögn um áfengissöluleyfi í Dalvíkurbyggð að beiðni Sýslumanns á Norðurlandi eystra.

#### EES-reglur

EES-samningurinn leggur ýmsar skyldur á sveitarfélagið, til dæmis hvað varðar umhverfismál, fyrirtækjarekstur, innkaupa, starfsmannamál o.fl.

### c) Stjórnsýsla

#### Álagning og innheimta opinberra gjalda

Sveitarstjórn setur gjaldskrár ár hvert samhliða fjárhagsáætlun hvers árs. Gjaldskrár eru birtar á vefsíðu sveitarfélagsins og þær sem við á í B-deildum stjórnartíðinda. Sveitarstjóri ber ábyrgð á því í umboði byggðarráðs fyrir sveitarfélagið í heild að framfylgja álagningu og innheimtu. Álagning og innheimta er að mestu rafræn og hægt að fá aðstoð og upplýsingar hjá fjármála- og stjórnsýsluviði í gegnum síma, rafpóst eða komu á skrifstofuna á Dalvík.



Sveitarfélagið er með samning við innheimtufyrirtæki. Einnig geta íbúar og viðskiptavinir pantað fund með viðkomandi starfsmönnum.

### **Skráning og meðferð persónuupplýsinga**

Stjórnsýslusvið ber ábyrgð á málaflokknum, sveitarfélagið hefur persónuverndarfulltrúa á sínum vegum og unnið er eftir lögum um persónuupplýsinga nr. 90/2018 fyrir allt sveitarfélagið..

### **Starfsmannamál, kjarasamningar**

Samband íslenskra sveitarfélaga er með samningsumboð frá sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar til að semja við stéttarfélag fyrir hönd Dalvíkurbyggðar.

Sveitarfélagið er með starfs- og kjaranefnd sem fer með þessi mál fyrir allt sveitarfélagið í samstarfi við sviðsstjóra sveitarfélagsins. Sveitarstjórnir - verkefni og skyldur: Sveitarstjórn sveitarfélagsins vinnur eftir sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

### **Sveitarstjórnir, verkefni og skyldur**

Sveitarstjórn sveitarfélagsins vinnur eftir sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Fundir sveitarstjórnar eru opinir og eru aðgengilegir öllum íbúum. Jafnframt eru fundirnir í beinu streymi.

### **Upplýsingagjöf**

Sveitarfélagið vinnur eftir upplýsingalög nr. 140/2012. Vefsíða sveitarfélagsins er mikilvægur hlekkur í upplýsingagjöf sveitarfélagsins og eru allar helstu upplýsingar að finna þar. Eins er sveitarfélagið vakandi fyrir stafrænum skrefum í aukinni þjónustu við íbúa sem er til hagsbóta fyrir alla íbúa sveitarfélagsins óháð búsetu. Varðandi beiðni á grundvelli upplýsingalaga er hægt að beina öllum slíkum beiðnum stafrænt á sérstöku eyðublaði til sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið hefur sett sér Upplýsingastefnu.

### **Útboð opinberra framkvæmda og innkaupa**

Samkvæmt innkaupareglum Dalvíkurbyggðar skipar framkvæmdastjórn innkauparáð; sveitarstjóri og sviðsstjórar. Sveitarstjóri, sviðsstjórar og tilteknir stjórnendur sjá um útboð opinberra framkvæmda og innkaupa fyrir sveitarfélagið. Unnið er eftir innkaupareglum og innkaupastefnu sveitarfélagsins. Farið er eftir lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og innkaupareglum sveitarfélagsins. Eins er sveitarfélagið aðili að rammamningi.

### **Varðveisla skjala**

Sveitarfélagið fer eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Skjalastjóri sveitarfélagsins ber ábyrgð á varðveislu skjala í Dalvíkurbyggð í samstarfi við aðra stjórnendur. Sjá nánar umfjöllun um Héraðsskjalasafn Svarfdæla í Dalvíkurbyggðar undir Fræðslu- og menningarsvið.

## d) Öryggis- og löggæslumál

### Samstarfsnefnd um málefni lögreglu

Sveitarstjóri situr í samstarfsnefnd um málefni lögreglunnar á Norðurlandi Eystra. Nefndin er vettvangur fyrir samskipti og samvinnu lögreglunnar og sveitarfélaga í umdæminu.

### Almannavarnir (að hluta)

Sveitarfélagið fer eftir lögum um Almannavarnir nr. 82/2008. Sveitarstjóri situr í almannavarnarnefnd ALNEY. Sveitarfélagið fer með almannavarnir heima í héraði í samvinnu við Lögreglustjóran á Norðurlandi eystra.

Dalvíkurbyggð styrkir Björgunarsveitina í Dalvíkurbyggð með beinum framlögum samkvæmt gildandi samningi þar um, sem er valkvætt verkefni.

## e) Heilbrigðismál

### Bygging heilsugæslu og sjúkrastofnana

Heilsugæslustöðin á Dalvík er í eigu ríkisins en þegar húsnæðið var reist þá setti Dalvíkurbyggð 15% framlag í bygginguna samkvæmt þágildandi lögum.

Dalbær, hjúkrunarheimili, er sjálfseignarstofnun og húsnæðið er 100% í eigu Dalbæjar.

## f) Húsnæðismál

### Húsnæðisáætlanir

Húsnæðisáætlun gildir fyrir allt sveitarfélagið og er uppfærð árlega m.t.t. breytinga og þróunar sem orðið hafa á forsendum hennar á milli ára. Unnið er eftir reglugerð 1248/2018, húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.

## II. Lögmælt verkefni:

### a) Stjórnsýsla

#### Lögreglusamþykktir

Sveitarfélagið er með eigin lögreglusamþykkt sem gildir fyrir Dalvíkurbyggð og er hún aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.

### b) Húsnæðismál

#### Almennar íbúðir

Sveitarstjórn styðst við húsnæðisáætlun sveitarfélagsins sem er í árlegri endurskoðun. Uppfærður listi yfir lausar lóðir eru auglýstar á vefsíðu sveitarfélagsins. Endurskoðun aðalskipulags er í vinnslu og þar er horft til vöntunar á lausum lóðum á hverjum stað fyrir sig. Dalvíkurbyggð hefur selt þær 9 íbúðir sem eftir voru úr Félagslegum íbúðum og eru þær komnar í eigu Leigufélagsins Bríetar ehf.

### III. Valkvæð verkefni:

#### Atvinnumál

Dalvíkurbyggð hefur sett sér Atvinnustefnu og eru drög að endurskoðun hennar í vinnslu.

Byggðaráð fer með málefni atvinnumála. Dalvíkurbyggð er aðili að Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) og geta íbúar leitað til samtakanna eftir ráðgjöf í tengslum við þá málaflokka og verkefni sem samtökin vinna að.

#### Markaðssetning og kynningarmál

Byggðaráð fer með málefni markaðs- og kynningarmála. Markmið sveitarfélagsins er að markaðssetja og kynna sveitarfélagið almennt, auka sýnileika þess og efla ímynd Dalvíkurbyggðar. Fyrir liggja drög að markaðs- og kynningaráætlun fyrir sveitarfélagið.

Dalvíkurbyggð er aðili að Markaðsstofu Norðurlands. Helsta hlutverk MN er að samræma markaðs- og kynningarmál norðlenskrar ferðaþjónustu gagnvart innlendum og erlendum ferðamönnum. Markaðsstofan gegnir hlutverki áfangastofu Norðurlands. Dalvíkurbyggð hefur einnig stutt verkefnið um Flugklasann með beinum framlögum í árávis.

#### Stafræn stjórnsýsla

Dalvíkurbyggð leggur áherslu á stafræna umbreytingu til að bæta þjónustu sveitarfélagsins við íbúa og viðskiptavinum þess, óháð staðsetningu og tíma.

## Félagsmálasvið Dalvíkurbyggðar

### I. Lögskyld verkefni:

#### a) Félagþjónusta sveitarfélaga

#### Aðstoð við erlenda ríkisborgara:

Félagráðgjafi hefur viðveru í Ráðhúsinu á Dalvík. Viðkomandi hefur bæði staðbundna viðveru og fjarþjónustu sé þess óskað. Samstarf er á milli félagþjónustu og skóla vegna þjónustu við börn erlendra ríkisborgara, einnig aðstoðar félagráðgjafi fyrirtæki með umsóknir um atvinnu. Félagráðgjafinn aðstoðar erlenda ríkisborgara við persónuleg erindi og aðstoð um réttindamál.

#### Barnaverndarmál:

Starfsmenn Barnaverndarþjónustu Norðurlands eystra eru með starfsstöð í Ráðhúsinu á Dalvík. Þar er staðbundin viðvera en starfsmenn fara á heimili fólks í viðtöl ef það hentar betur. Einnig er boðið upp á fjarþjónustu í gegnum tölvu æskir fólk þess. Þjónustusvæði barnaverndarþjónustu Norðurlands nær yfir eftirfarandi sveitarfélög: Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Langanesbyggð,

Norðurþing, Svalbarðsstrandarhreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit. Verkefni barnaverndar eru meðal annars vinnsla mála skv. Barnaverndarlögum nr. 80/2002, ráðgjöf í tengslum við fjölskyldur og barnavernd, umsagnir í umgengnins- og ættleiðingarmálum, úttektir á fósturfjölskyldum og stuðningsfjölskyldum, sumardvalir barna og forvarnarstarf.

### **Félagsleg ráðgjöf:**

Starfsmenn félagsþjónustu (sviðsstjóri félagsmálasviðs, þroskaþjálfari og félagsráðgjafi) sem sinna félagslegri ráðgjöf við íbúa eru með starfsstöð í Ráðhúsinu á Dalvík. Það er staðbundin viðvera en starfsmenn fara á heimili fólks í viðtöl og ráðgjöf ef það hentar fólki betur. Einnig er boðið upp á fjarþjónustu óski fólki þess frekar.

### **Fjárhagsaðstoð:**

Starfsmenn félagsþjónustu (sviðsstjóri félagsmálasviðs, þroskaþjálfari og félagsráðgjafi) sem taka á móti umsóknum og afgreiða fjárhagsaðstoð eru með starfsstöð í Ráðhúsinu á Dalvík. Það er staðbundin viðvera en starfsmenn fara á heimili fólks í viðtöl og ráðgjöf ef það hentar fólki betur. Einnig er boðið upp á fjarþjónustu óski fólki þess frekar. Umsóknir fara í gegnum íbúagátt og mikil samskipti geta farið fram þar á milli umsækjenda og starfsmanna ef vilji er frekar fyrir því.

### **Málefni aldraðra:**

Í Dalvíkurbyggð er boðið upp á stoðþjónustu (heimilisþjónustu). Slík þjónusta er í boði á heimilum ellilífeyrisþega og öryrkja í öllu sveitarfélaginu. Þjónustan er veitt öllu jafna alla virka daga frá kl. 8-16 eftir þörfum fólks en frá áramótum 2025 verður breyting á þjónustunni þannig að boðið verður einnig upp á kvöld og helgarþjónustu ef þörf er á. Einnig er boðið upp á heimsendan mat í hádeginu í sveitarfélaginu. Dalbær, heimili aldraðra hefur sinnt dagþjónustu fyrir íbúa sveitarfélagsins en sú þjónusta er staðbundin á Dalvík. Einnig er félag eldri borgara með virkt félagsstarf fyrir alla ellilífeyrisþega en starfið fer að mestu fram á Dalvík.

### **Málefni fatlaðs fólks/Stuðningsþjónusta:**

Unnið er miðlægt fyrir allt sveitarfélagið en frá Dalvík er í boði hæfing, frístund, dagvistun, búsetuúrræði, skammtímadvöl og ferliþjónusta. Þjónusta er veitt á heimili öryrkja á heimilum þeirra í öllu sveitarfélaginu þar sem þörf er á. Boðið er upp á stoðþjónustu fyrir öryrkja sem og heimsendan mat. Einnig er akstursþjónusta í boði sama hvar þú býrð eigin þú rétt á slíkri þjónustu. Atvinna með stuðningi er veitt þar sem einstaklingar búa.

### **Túlkajónusta og málstefna.**

Ekki er samningur um túlkajónustu en tengiliðir sem hægt er að kalla til eftir þörfum, ýmist fyrir stað- eða fjarþjónustu. Dalvíkurbyggð hefur sett sér Málstefnu samkvæmt sveitarstjórnarlögum sem er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.

## Upplýsingagjöf vegna barna.

Heilt yfir fyrir alla í sveitarfélaginu, unnið er samkvæmt Barnalögum nr. 76/2003. Þjónustan fer fram á skrifstofu sveitarfélagsins sem staðsett er á Dalvík en farið er á heimili fólks til upplýsingagjafar/leitar ef þörf er á.

### Vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda:

Félagráðgjafi félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar hefur starfsstöð í Ráðhúsinu á Dalvík. Viðkomandi hefur þó bæði staðbundna viðveru eftir þörfum, fer í heimahús og veitir fjarþjónustu eftir þörfum. Öll samskipti við ráðgjafa SÁÁ, Vog og þess háttar stofnanir fer í gegnum síma, tölvupósta eða fjarþjónustu.

### Sambætting þjónustu í þágu barna:

Starfsfólk félagsþjónustunnar hefur starfsstöð í Ráðhúsinu á Dalvík. Boðið er upp á fjarþjónustu og viðtöl í heimahúsum í sveitarfélaginu ef óskað er eftir. Tengiliðir eru í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins og málstjórar í félagsþjónustu og barnavernd. Allir foreldrar geta sótt um sambætta þjónustu fyrir barn sitt.

### **b) Húsnæðismál**

#### Sérstakur húsnæðisstuðningur:

Er í boði fyrir þá sem þa þurfa og falla undir viðmið sveitarfélagsins, óháð búsetu annarri en lögheimili sé í Dalvíkurbyggð. Sótt er um rafrænt á vefsíðu sveitarfélagsins og hægt er að fá ráðgjöf frá starfsmönnum félagsþjónustu eftir þörfum.

#### Húsnæðismál

Sveitarstjórn styðst við húsnæðisáætlun sveitarfélagsins sem er í árlegri endurskoðun. Íbúar sveitarfélagsins geta sótt um aðstoð á félagslegum forsendum við öflun leiguhúsnæðis.

## Fræðslu – og menningarsvið

### I. Lögskyld verkefni:

#### **a) Fræðslu- og menningarmál**

#### Almenningsbókasöfn

Það er eitt almenningsbókasafn staðsett á Dalvík. Það eru skólabókasöfn í Árskógarskóla og Dalvíkurskóla. Hlutverk almenningsbókasafns innan sveitafélagsins er að veita aðgang að þekkingu, afþreyingu og upplýsingum. Bókasafn Dalvíkurbyggðar starfar eftir



Bókasafnalögum 150/2021 Bókasafn Dalvíkurbyggðar er opið öllum íbúum alla virka daga frá 11:00-17:00 og á laugardögum frá 13:00-16:00. Bókasafn Dalvíkurbyggðar þjónustar alla íbúa sveitafélagsins og býður upp á fjölbreyttan viðburð og margvíslega viðburði sem hæfa ólíkum aldurshópum.

### **Bygging framhaldsskóla**

Dalvíkurbyggð tekur þátt í byggingu framhaldsskóla bæði í Ólafsfirði og Akureyri með vissum framlögum.

### **Grunnskólar**

Grunnskóli verður starfandi Árskógsströnd fyrir nemendur 1. – 6. bekk til vorsins 2026. Haustið 2026 verða allir grunnskólanemendur í Dalvíkurskóla. Skólaakstur fyrir nemendur sem búa á Árskógsströnd, Hauganesi og í dreifbýli Nemendur úr Svarfaðardal og Skíðadal stunda nám í Dalvíkurskóla. Skólaakstur í boði fyrir þá nemendur.

### **Ráðning kennara, skólastjóra o.fl.**

Ráðinn er einn skólastjóri grunnskóla í Dalvíkurbyggð. Deildarstjóri leikskóladeildar er á Kötlu koti í Árskógarskóla og tveir deildastjórar í Dalvíkurskóla. Alltaf er auglýst eftir fagmenntuðu fólki í alla skólanna, en ekki hefur alltaf gengið að ráða fagmenntað fólk til starfa. Ráðning á skólastjóra í leik – og grunnskóla er í höndum sviðsstjóra fræðslu – og menningarsviðs. Skólastjóri ræður annað starfsfólk til starfa.

### **Leikskólar**

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla og sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs. Sveitarstjórnir veita leyfi til rekstur leikskóla og geta jafnframt rekið sjálf leikskóla, sbr. lög um leikskóla nr. 90/2008. Leikskóli er í boði í Árskógarskóla frá 12 mánaða – 6 ára og er sú deild rekin undir stjórn leikskólans á Krílakoti á Dalvík sem er einnig frá 12 mánaða til 6 ára. Foreldrar geta nýtt sér 6 tíma gjaldfrjálsan leikskóla í Dalvíkurbyggð.

### **Tónlistarskólar**

Ef sveitarfélag vill koma á fót tónlistarskóla skal sveitarstjórn greiða launakostnað kennara og skólastjóra, sbr. lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

Tónlistarskóli er rekin sameiginlega með Fjallabyggð og heitir skólinn Tónlistarskólinn á Tröllaskaga.

### **b) Ípróttá- og æskulýðsmál**

#### **Frístundaheimili**

Það er boðið uppá frístund í Árskógarskóla fyrir nemendur í 1. – 4. bekk, skólaárið 2025 - 2026. Nemendur sem búa í Svarfaðardal og Skíðadal og eru í skóla á Dalvík hafa aðgengi að frístund fyrir 1. – 4. bekk í Dalvíkurskóla. Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila.

## Íþróttamálefni

Bygginga íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkahring sveitarfélaga nema að öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.

### c) Ýmsar aðrar skyldur

#### Kirkjugarðar

Sveitarfélagið hefur ákveðnar skyldur gagnvart sveitarfélögum þegar kemur að kirkjugörðum samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Skyllt er sveitarfélagi því, er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði.

#### Kirkjur

Sveitarfélögum er skyllt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi, sbr. lög um Kristnisjóð nr. 35/1970.

## II. Lögheimil verkefni:

#### Héraðsskjalasafn Dalvíkurbyggðar

Héraðsskjalasafn er staðsett í Ráðhúsinu á Dalvík og starfar eftir lögum 77/2014 um opinber skjalasöfn. Héraðsskjalasafnið annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala frá afhending skyldum aðilum, þ.e. embættum, stofnunum og félögum í Dalvíkurbyggð skv. Lögum um opinber skjalasöfn. Eitt af hlutverkum Héraðsskjalasafns Svarfdæla er að hafa umsjón með og stýra lögbundnu eftirliti með skjalavörslu og skjalahaldi stjórnsýslu og stjórnvalda. Eitt af megin verkefnum safnsins er að annast söfnun á skjölum, ljósmyndum og öðrum sögulegum heimildum sem varpa ljósi á sögu og menningu Dalvíkurbyggðar. Safnið er opið almenningi á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum milli 13:00-16:00 en hægt er að hafa samband við starfsmenn alla virka daga frá 08:00-16:00 og óska eftir þjónustu á safninu.

## III. Valkvæð verkefni:

#### Heilsueflandi samfélag

Íþróttatímar fyrir eldra fólk er í boði og hefur íþróttafulltrúi Dalvíkurbyggðar og Íþróttamiðstöð séð um að skipulagningu á þeim tímum. Ferðafélag Dalvíkur er starfandi í sveitarfélaginu og hafa fengið styrk í gegnum Heilsueflandi samfélag. Jóga hefur einnig verið í boði í Dalvíkurbyggð.

#### Námsver

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar er með samning við Dalvíkurbyggð með aðstöðu í Víkurröst er varðar námskeiðahald fyrir íbúa Dalvíkurbyggðar.



## **Byggðasafn**

Byggðasafn Dalvíkurbyggðar er viðurkennt safn og sinnir þeim kröfum sem gerðar eru til viðurkenndra byggðasafna samkvæmt safnalögum 141/2011 og siðaregla safna sem ICOM, alþjóðarráð safna gefur út. Safnið starfar einnig eftir stofnskrá, samþykktri söfnunarstefnu og Menningstefnu Dalvíkurbyggðar sem síðast var samþykkt í maí 2021. Safnið er þjónustustofnun sem gegnir mikilvægu hlutverki við að efla vitund um fortíð og menningu í samhengi við samtímann. Byggðasafnið er án húsnæðis og safnmunir í geymslu.

## **Leiklistarmál**

Leikfélag Dalvíkur hefur verið með starfsemi og hafa verið með leiksýningar og viðburði. Leikfélag Dalvíkur er að fá styrk frá Dalvíkurbyggð fyrir sína starfsemi.

## **Rekstur félagsheimila**

Dalvíkurbyggð rekur félagsheimilið í Árskógi og hefur leigt það fyrir ættarmót og aðra viðburði. Rekstur á félagsheimilinu Rima er boðin út af Dalvíkurbyggð.

## **Æskulýðsmál**

Það er ein Félagsmiðstöð í Dalvíkurbyggð og hún er staðsett á Dalvík og eru opnanir fyrir nemendur 7. – 10. bekk. Stendur til að vera með opnanir fyrir miðstig í grunnskóla 10. – 12. ára nemendur.

## **Íþróttamálefni**

Íþróttahús er til staðar bæði í Svarfaðardal og við Árskógarskóla. Sundlaug er á Dalvík sem er opin fyrir almenning og svo er það sundskálinn inn í Svarfaðardal sem er ekki opin fyrir almenning nema til útleigu í tengslum við leigu á Rimum. Ekki eru skipulagðar æfingar á vegum UMFS í Árskógi og fara því krakkar sem stunda íþróttir á skipulagðar æfingar á Dalvík. Reynir hefur séð um akstur barna á knattspyrnuæfingar til Dalvíkur yfir sumartímann. Einhverjar skipulagðar æfingar eru á Rimum á vegum UMF. Þorsteins Svörfuður. Styrktar-, samstarfs- og/eða þjónustusamningar við félög og félagasamtök á sviði æskulýðsstarf í öllu sveitarfélaginu.

## **Menningarhúsið Berg**

Dalvíkurbyggð sér um rekstur á Menningarhúsinu Bergi, húsið er rekið sem viðburðahús ásamt því að hýsa almenningubókasafn Dalvíkurbyggðar. Rekstur á kaffihúsi er boðin út af Dalvíkurbyggð. Menningarhúsið hefur það að leiðarljósi að skapa jafna möguleika fyrir alla til að njóta lista og menningar.

## **Styrkir til Menningarmála**

Til er sjóður sem heitir Menningar – og viðurkenningarsjóður, þar geta þeir íbúar sem eru með lögheimili í Sveitarfélaginu sótt um styrk til verkefna tengda menningu.



## Hátíðarhöld

Dalvíkurbyggð hefur verið að setja fjármagn í 17. júní og styrk til að gera sjómannadag hátíðlegan.

## Framkvæmdasvið Dalvíkurbyggðar

### I. Lögbundin verkefni:

#### a) Umhverfis- og skipulagsmál, dýrahald o.fl.

##### Skipulagsmál og leyfisveitingar:

Skipulagsfulltrúi ber ábyrgð á og vinnur að framgangi skipulagsmála í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og í samræmi við ákvarðanir skipulagsráðs. Starfsstöð skipulagsfulltrúa er í ráðhúsi Dalvíkur og hefur skipulagsfulltrúi alla jafna viðveru þar fjóra daga í viku og einn dag í viku í fjarvinnu frá Akureyri. Skipulagsfulltrúi er starfsmaður skipulagsráðs, sem gerir tillögur til sveitarstjórnar að nýjum skipulagstillögum og breytingum á gildandi skipulagi. Skipulagsráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Sótt er um öll erindi vegna skipulagsmála í gegnum þjónustugátt á heimasíðu Dalvíkurbyggðar. Skipulagsfulltrúi hefur eftirlit með að fullnægjandi umhverfismat sé unnið í tengslum við leyfisveitingar vegna framkvæmda.

##### Eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar:

Byggingarfulltrúi Dalvíkurbyggðar sér um öflun grunnupplýsinga, eftirlit og skráningu mannvirkja sem eru í uppbyggingar- eða niðurrifsferli. Byggingarfulltrúi sér um allar leyfisveitingar sem tilheyra hans embætti fyrir sveitarfélagið ásamt skráningum á innsendum gögnum sem berast til sveitarfélagsins vegna leyfismála, umsagna og annarra mála. Afgreiðslufundir byggingarfulltrúa eru að jafnaði fjórum sinnum í mánuði. Starfsstöð byggingarfulltrúa er á Akureyri.

Sótt er um öll erindi vegna byggingarmála í gegnum þjónustugátt á heimasíðu Dalvíkurbyggðar. Embætti byggingarfulltrúa hefur innleitt rafræn skil á öllum gögnum er varða nýbyggingar, endurbyggingar og niðurrif mannvirkja, þ.m.t. skráningar meistara og allar teikningar.

##### Fornleifar og friðlýsingar:

Byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi vinna með Minjastofnun Íslands í þeim málum sem koma að friðlýsingu húsa og svæða. Skipulags- og byggingarfulltrúi bera jafnframt ábyrgð á að tilkynna um fornleifar í hættu eða spjöll á friðlýstum svæðum til þar til bærra stofnana.



## **Verndarsvæði í byggð:**

Samkvæmt lögum um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 skal sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum meta hvort innan sveitarfélagsins sé byggð sem hafi slíkt gildi hvað varðveislunáttúru og menningarsögu varðar, ásamt listrænu gildi, að ástæða sé til að útbúa tillögu til ráðherra um að hún verði gerð að verndarsvæði í byggð.

Í Dalvíkurbyggð hefur ekki verið skilgreint verndarsvæði í byggð.

## **Heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir**

Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð heyrir undir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og á fulltrúa í heilbrigðiseftirlitsnefnd.

## **Landgræðsla**

Eigna- og framkvæmdadeild hefur umsjón með landgræðslu á landi í eigu sveitarfélagsins. Skipulagsráð fer með leyfisveitingar vegna landgræðslu í öðru landi innan sveitarfélagsins að höfðu samþykki byggðaráðs.

## **Dýravernd**

Umhverfis- og dreifbýlisráð fer með dýravernd í Dalvíkurbyggð og fara umsóknir um búfjárhald fyrir ráðið.

## **Meindýraeyðing, dýraeftirlit**

Sveitarfélagið ræður meindýraeyði til vinnu í verktöku við dýraeftirlit og eyðingu fyrir allt sveitarfélagið. Sveitarfélagið gerir samninga við aðila vegna refa- og minkaveiði í sveitarfélaginu.

## **Nafngiftir nýrra náttúrufyrirbæra**

Það er á verksviði skipulagsráðs að gera tillögur að nýjum örnefnum fyrir allt sveitarfélagið með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

## **Fjallskil**

Umhverfis- og dreifbýlisráð fer með fjallskilamál í Dalvíkurbyggð og fara fundargerðir fjallskiladeilda inn í ráðið til umfjöllunar. Sveitarstjórn tilnefnir fjallskilastjóra skv. sveitarstjórnarlögum í upphafi hvers kjörtímabils. Í sveitarfélaginu eru 3 fjallskilastjórar, 3 fjallskiladeildir og 3 nefndir.

## **Fjarlægning girðinga af eyðijörðum**

Eigna- og framkvæmdadeild hefur umsjón með því að fjarlægja gamlar girðingar í samvinnu við landeigendur.



## **Söfnun og meðhöndlun úrgangs:**

Sveitarfélagið er með samning við fyrirtæki varðandi meðhöndlun og förgun sorps frá öllu sveitarfélaginu. Unnið er að endurskipulagningu sorpmála í heild samkvæmt núgildandi lögum sem tóku gildi 1. janúar 2023.

## **Loftslagsstefna sveitarfélaga:**

Ekki er til loftslagsstefna fyrir sveitarfélagið en stefnan er í vinnslu fyrir sveitarfélagið í samstarfi við SSNE.

## **b) Vatns- og fráveitu**

### **Fráveitur og rotþrær**

Hlutverk Fráveitunnar er að taka við fráveituvatni og koma því til viðtaka þannig að það valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið. Það sama á við þær rotþrær sem Fráveitan sér um að tæma. Sveitarfélagið rekur fráveitukerfi innan allra þéttbýliskjarna í sveitarfélaginu og sér um losun rotþróa innan og utan þéttbýlis.

### **Vatnsveitur**

Vatnsveitan á að tryggja nægjanlegt eldvarnavatn sé ætíð til staðar á því veitusvæði sem hún þjónar. Vatnsveitan fylgist með gæðum neysluvatns og sér til þess að nægjanlegt vatn sé til staðar, sem fullnægir þörfum íbúa og fyrirtækjum sem þar starfa.

## **c) Húsnæðismál**

### **Fasteignamat, skráning og öflun grunnupplýsinga:**

Byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi f.h. sveitarstjórnar bera ábyrgð á því að Þjóðskrá Íslands berist upplýsingar um lönd og lóðir og breytingar á þeim, svo og um öll mannvirki og um breytingar á þeim og eyðingu þeirra.

### **Eignaskiptayfirlýsingar:**

Byggingarfulltrúi sér um staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga.

## **d) Öryggis- og löggæslumál**

### **Brunavarnir og brunamál, þ.á.m. Slökkvilið:**

Sveitarstjórn ber ábyrgð á starfsemi Slökkviliðs Dalvíkur og framkvæmd eldvarnaeftirlits. Slökkvistöðin er til húsa við Gunnarsbraut á Dalvík og þjónustar allt sveitarfélagið.

## **e) Samgöngur**

### **Lagning og viðhald vega og stíga**

Eigna- og framkvæmdadeild hefur umsjón með þessum málum í öllu sveitarfélaginu þar sem vegir og stígar eru á forræði sveitarfélagsins. Unnið er eftir gildandi framkvæmdaáætlun hverju sinni sem lögð er fram við gerð fjárhagsáætlunar.

Sveitarfélög eru veghaldarar sveitarfélagsvega. Eigna- og framkvæmdadeild hefur umsjón og eftirlit með snjómokstri og hálkuvörnum í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið er með samninga við verktaka sem sinna þjónustunni á Dalvík, á Árskógssandi og á Hauganesi. Snjómokstur og hálkuvarnir á þjóðvegum eru unnir í samstarfi við Vegagerðina og samkvæmt helmingamokstursreglum hennar. Unnið er eftir viðmiðunarreglum Dalvíkurbyggðar um snjómokstur og eru þær endurskoðaðar einu sinni á ári í Umhverfis- og dreifbýlisráði.

## II. Lögheimil verkefni:

### Hitaveitur

Hitaveita Dalvíkur er sjálfstætt fyrirtæki, sem Dalvíkurbyggð á og starfrækir. Orkuveitusvæði hennar er lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar. Tilgangur Hitaveitu Dalvíkur er að afla, selja og veita heitu vatni um orkuveitusvæði sitt og reka aðra þá starfsemi sem því tengist. Hluti sveitafélagsins er á köldu svæði og því ekki með hitaveitu.

### Hafnasjóður

Dalvíkurbyggð rekur þrjá hafnir í sveitarfélaginu; á Dalvík, á Árskógssandi og á Hauganesi. Hafnasjóður Dalvíkurbyggðar er B-hluta fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins.

### Rafmagnsveitur

Rarík þjónustar Dalvíkurbyggð með rafmagn.

## III. Valkvæð verkefni:

### Jöfnun húshitunarkostnaðar

Hitaveita Dalvíkur hefur greitt styrk til þeirra íbúðarhúsaeigenda í sveitarfélaginu sem ekki geta tengst hitaveitu og eru með búsetu og lögheimili í viðkomandi fasteign.

### Endurskoðun

Stefna þessi er endurskoðuð að lágmarki á hverju ári samhliða fjárhagsáætlun skv. 130 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Stefna þessi er fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi.

***Samþykkt á 384. fundi sveitarstjórnar þann 18. nóvember 2025 við síðari umræðu.***



**VIRÐING**  
**JÁKVÆÐNI**  
**METNAÐUR**

---